

Stjórnarfundur Eyjafjarðardeildar Rauða krossins í Viðjulundi 8. júní 2022

Mættir: Gunnar Frímansson, Ingibjörg Halldórsdóttir, Hilmar Friðjónsson, Jón Baldvin Hannesson, Konráð Karl Baldvinsson, Sigríður Stefánsdóttir, Kristjana V. Valgeirsdóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Þorsteinn Kristinn Björnsson, Gísli Kort Kristófersson.

Fjarverandi: Karen Malmquist, Fjóla Stefánsdóttir, Jovana Kotaras, Kári Fannar Lárusson.

1. Nýir starfsmenn deildarinnar

Nýir starfsmenn deildarinnar. Á fundinn mættu tveir nýir starfsmenn til að kynna sig. Stjórnarmenn kynntu sig til að byrja með. Róbert Theódórsson er kominn til starfa í málefnum flóttafólks. Hann er í 100% stöðu, 30% greidd af Eyjafjarðardeild en 70% af Landsskrifstofu. Róbert er tengiliður við skjólstæðinga og sjálfbóðaliða í leiðsöguvinaverkefni en sjálfbóðaliðar sinna sálfélagsglegum stuðningi við flóttamenn. Sóley Björk Stefánsdóttir er í 100% starfi verkefnastjóra hér á Eyjafjarðarsvæðinu. Hún er enn að kynna sér öll verkefni sem deildin vinnur að og setja sig inn í málin. Stjórnin býður þessa starfsmenn velkomna og óskar þeim velfarnaðar í starfi.

2. Ráðstefna um skaðaminnkun

Deildarstjóri greinir frá fyrirhugaðri ráðstefnu á Akureyri um skaðaminnkun en núna er horft til dagsetningarinnar 5. maí 2023. Sjálfbóðaliðaping er á áætlun 6. maí í Reykjavík og rætt um mögulega tengingu vegna erlends fyrirlesara, Francesco Rocca, en hann er forseti alþjóða Rauða krossins (IFRC) og formaður stjórnar Ítalska Rauð krossins og er mikill áhugamaður um skaðaminnkunarmál. Unnin hefur verið gróf kostnaðaráætlun og var rætt um fjármögnun, undirbúning og framkvæmd. Deildarstjóra var falið að halda áfram með málið, bóka m.a. sal í Hofi og skerpa markmið slíkrar ráðstefnu og markhópa sem hún beindist að.

3. Umsóknir um styrki úr Verkefnasjóði

Umsóknarfrestur er til 1. sept. 2022. Verkefni sem Eyjafjarðardeild sótti um 2021 fengu lang flest úthlutun til tveggja ára. Ákveðið að sækja núna um styrk til vinaverkefnis í Ólafsfirði og einnig fyrir fyrirhugaða ráðstefnu um skaðaminnkun. Deildarstjóra falið að vinna þær umsóknir.

4. Samningar við Karlakór Akureyrar/Geysi og hundasnyrtingarfyrirtæki í suðurenda kynntir. Drög að leigusamningi fyrir hundasnyrtingarfyrirtæki verður sendur til stjórnarmanna innan tíðar til að gera athugasemdir við. Þá verður gengið frá lítt breyttum samningi við Karlakórinn innan tíðar.

5. Þátttaka í stjórn Fjölsmiðjunnar

Umræða um áframhaldandi þátttöku í stjórn Fjölsmiðjunnar, hvort tími sé kominn til að breyta því fyrirkomulagi að einn fulltrúi frá Eyjafjarðardeild sitji í stjórninni. Stjórnarformanni og deildarstjóra falið að ræða það mál frekar við forstöðumann Fjölsmiðjunnar.

6. Umræða um aðalfund Rauða krossins

Talsverð umræða um dræma þátttöku deilda, nýjar reglur um skiptingu kassatekna, fyrirhugaðar breytingar á Verkefnasjóði, störf svæðisfulltrúa sem lögð voru niður, kynningarmál okkar deildar og sjálfbóðaliðastörf. Engar ákvarðanir teknar.

7. Önnur mál

Ákveðið að stefna að næsta stjórnarfundum í byrjun september.